

Kærði var á Litla Hrauni frá því í desember 1983 þar til 23. apríl sl., en þann 16. janúar 1984 strauk kærði þaðan ásamt öðrum, en náðist fljótt aftur. Það mál er nú til meðferðar hjá sýslumanni Árnassýslu.

Kærði hefur hvorki fastan samastað né atvinnu, og kveðst hann nú biða eftir plássi á meðferðarstofnun vegna áfengissýki sinnar.

Kærði er síbrotamaður, sem stöðugt hefur verið í afbrotum allt frá 1977. Hann hefur 13 sinnum verið dæmdur, aðallega vegna ýmissa auðgunarbrota og nytjastuldar.

Þann 29. janúar 1983 var kærða veitt reynslulausn í 2 ár, en rauf skilorð reynslulausnarinnar sama ár.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, svo og 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða að fullu til greina, þar sem ella er hætt á, að hann haldi áfram afbrotaiðju sinni. Skal kærði því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október nk., kl. 17.00.

Kærði er m.a. sakaður um brot gegn 110. gr., 155. gr. svo og ýmis brot gegn XXVI. kafla l. nr. 19, 1940, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október 1984, kl. 17.00.

Mánudaginn 10. september 1984.

Nr. 163/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Benedikt Jónssyni Sverrissyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 2. september 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 4. s.m.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Sakavottorð varnaraðilja hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Staðfestir það, að rétt er greint í hinum kærða úrskurði, að varnaraðilja hefur ekki verið dæmd refsing fyrir brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, en árið 1980 sættist hann á greiðslu sektar fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 256. gr. þeirra laga, svo og gegn 27. gr. umferðarlaga og 16. gr. áfengislaga.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. september 1984.

Ár 1984, laugardaginn 1. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómará, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að kærði, Benedikt Jónsson Sverrisson, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 26. september n.k., kl. 17.00, með skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði hefur játað að hafa útfyllt og selt 4 eða 5 tékka, hvern að fjárhæð ca. 2.500 kr. úr ávísanahefti, sem stolið var úr veski í vasa Magnúsar G. Magnússonar á veitingahúsinu Óðali sl. föstudag. Í seðlaveski Magnúsar var auk framangreinds heftis annað ávísanahefti, og hafa tvö blöð horfið úr því hefti, og ávísanir hafa komið fram úr báðum þessum heftum. Einnig er ein ávísananna er nú í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Kærði kveðst ekki vita, hver lét hann hafa framangreint ávísanahefti, en það hafi borist sér í hendur á Hlemmi, og var hann þá ölvaður.

Ennfremur hefur kærði nú fyrir dóminum játað að hafa tekið þátt í innbroti í Sædýrasafnið í Hafnarfirði í sl. viku ásamt fleirum nafngreindum piltum.

Rannsókn mála þessara er ekki lokið.

Kærði sætti gæsluvarðhaldi frá 15. maí sl. til 13. júní sl. vegna gruns um ýmis afbrot. Kærði hefur ekki fastan samastað. Hann hefur ekki fasta atvinnu og óljóst er, með hverjum hætti hann hefur haft ofan fyrir sér á sl. vikum, en kærði hefur borið, að hann hafi m.a. unnið við húsa viðgerðir hér og þar og bilaviðgerðir.

Sakavottorð kærða liggur ekki frammi, og eftir því, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur komist næst, hefur hann ekki enn hlotið dóm fyrir hegningarlagabrot.

Með hliðsjón af því, sem að framan segir, og vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, svo hann með óskertu frelsi geti ekki spilt sakargögnum eða haft áhrif á samseka eða vitni. Hins vegar þykja ekki efni til að úrskurða kærða í gæsluvarðhald á grundvelli 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Sæti kærði gæsluvarðhaldinu allt til miðvikudagsins 12. september n.k., kl. 17.00.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Benedikt Jónsson Sverrisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. september 1984, kl. 17.00.

Mánudaginn 24. september 1984.

Nr. 16/1982. **Fasteignaþjónustan s/f**

(Ragnar Aðalsteinsson, hrl.)

gegn

Helga Sigurðssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fasteignaviðskipti. Söluþóknun. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.